Fundargerð

1245. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,

21. nóvember 2019, kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Ólöf A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.**

* * *

**1. Almenningssamgöngur í Reykjanesbæ (2019090564)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri og Sigurður Ingi Kristófersson deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

**2. Fjárhagsáætlun 2020 (2019070112)**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.

**3. Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð - NPA (2019070239)**

Drög að reglum Reykjanesbæjar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk lögð fram og samþykkt.

**4. Gjaldskrár vatnsveitna og fjármagnskostnaður (2019110169)**

Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti dagsett 13. nóvember 2019 ásamt minnisblaði. Málinu er vísað til HS veitna sem svarar erindinu fyrir hönd eigenda.

**5. Endurskoðun jafnréttisáætlunar (2019050790)**

Endurskoðuð jafnréttisáætlun lögð fram, bæjarstjóri gerði grein fyrir henni. Bæjarráð vísar áætluninni til umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn þann 3. desember nk.

**6. Cities #WithRefugees - erindi frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (2019100192)**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarráð samþykkir að gerast aðili að verkefninu og felur bæjarstjóra að undirrita samkomulagið.

**7. Beiðni um fjárframlag til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2020 (2019110163)**

Bæjarráð samþykkir að styrkja Kvennaráðgjöfina um kr. 150.000 tekið af lykli 21-011.

**8. Jólagjafir til starfsmanna 2019 (2019110199)**

Bæjarráð samþykkir erindið. Tekið af lykli 21-011-9220

**9. Fundargerðir skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja 11. september og 13. nóvember 2019 (2019050701)**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**10. Fundargerð aðalfundar Öldungaráðs Suðurnesja 26. október 2019 (2019110170)**

Fundargerðin lögð fram.

**11. Fundargerð verkefnastjórnar Stapaskóla (2019110200)**

Fundargerðin lögð fram. Byggingarnefnd Stapaskóla samþykkir fundargerðina. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fagnar því að fjármálastjóri sé kominn í ~~byggingarnefndina~~. verkefnastjórnina

**12. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja um tækifærisleyfi (2019110177)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**13. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Suðurnesjabæjar f.h. SamSuð um tækifærisleyfi (2019110187)**

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**14. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Pólsks matar ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Hringbraut 92 (2019110096)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**15. Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar Mid Atlantic Maintenance ehf. um leyfi til að reka ökutækjaleigu að Klettatröð 1 (2019100151)**

Bæjarráð hafnar umsókninni þar sem ekki fylgja fullnægjandi upplýsingar með umsókninni samkvæmt umsögn byggingarfulltrúa.

**16. Umsagnarmál frá nefndarsviði Alþingis (2019050801)**

a. Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál
https://www.althingi.is/altext/150/s/0362.html
b. Frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkun tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetningu), 320. mál
https://www.althingi.is/altext/150/s/0363.html
c. Frumvarp til laga um lyfjalög (lausasölulyf), 266. mál.
https://www.althingi.is/altext/150/s/0294.html

Umsagnarmál lögð fram.

Bæjarráð samþykkir að taka inn eftirfarandi mál á dagskrá:

**17. Beiðni um viðbótarfjármagn (2019110031)**

Sigríður Daníelsdóttir forstöðumaður fjölskyldumála mætti á fundinn. Bæjarráð samþykkir að heimila flutning á fjármagni af bókhaldslykli 02-565 yfir á lykil 02-518 vegna ársins 2019 til að leysa bráðavanda í húsnæðismálum. Málinu vísað til fjárhagsáætlunar 2020 að öðru leiti.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.40